

## Viðauki við samkomulag um eflingu tónlistarnáms og um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, f.h. Ríkissjóðs, og Samband íslenskra sveitarfélaga gera með sér svofelldan viðauka við samkomulag frá 13. maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og samkomulag frá 5. október 2011 um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.


1. Aðilar eru sammála um að framlengja gildistíma samkomulags um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, sem undirritað var 13. maí 2011, til 31. desember 2014.
2. Jafnhliða framlengist gildistími samkomulags milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, frá 5. október 2011, til jafnlangs tíma, þ.e. til 31. desember 2014, með þeim breytingum sem tilgreindar eru í 5. tl. þessa viðauka.
3. Aðilar eru sammála um að á gildistíma viðauka þessa verði unnið að lokafrágangi frumvarps til laga um tónlistarskóla. Markmið frumvarpsins er að setja heildstæðan lagaramma um starfsemi tónlistarskóla og framtíðarskipan fjárhagslegra samskipta milli ríkis og sveitarfélaga á sviði tónlistarfræðslu.
4. Gengið er út frá þeirri forsendu að framlag til tónlistarfræðslu verði 520 m.kr. á ársgrundvelli á gildistíma viðauka þessa og taka mánaðarlegar greiðslur mið af því, þ.e. frá 1. september 2013 til 31. desember 2014. Ekki verður um frekari framlög að ræða úr Ríkissjóði á gildistíma samkomulagsins en tilgreind eru hér að framan. Ríkissjóður greiðir framlagið til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem útdeilst til sveitarfélaga í samræmi við b-lið 2. gr. samkomulagsins. Samband íslenskra sveitarfélaga annast, í samvinnu við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, eftirlit með umfangi verkefnisins.
5. Sveitarfélög skuldbinda sig áfram til að standa tímabundið straum af verkefnum frá ríkinu og er miðað við að fjárhæðin nemi áfram 230 m.kr. á ársgrundvelli. Mennta- og menningarmálaráðherra mun á grundvelli þess samkomulags leggja fram sem fyrst frumvarp til laga um tímabundna framlengingu á gildistíma laga nr. 180/2011, um breytingar á ýmsum lögum vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms. Miðað er við að framlög sveitarfélaga renni til eftirfarandi verkefna á árinu 2014 (fjárhæðir eru í milljónum króna):

  
Handwritten signature and initials, possibly 'RAM' and 'MZ'.

a. Tölvumiðstöð fatlaðra	8,9
b. Endurmenntunarsjóður grunnskóla	44,6
c. Námsgagnasjóður	54,0
d. Sumardvalarheimili í Reykjadal	29,2
e. Vistheimilið Bjarg	63,3
f. Varasjóður húsnæðismála	30,0
<b>Samtals</b>	<b>230,0 m.kr.</b>


Reykjavík, 5. mars 2014

Mennta- og menningarmálaráðherra




Illugi Gunnarsson

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga




Halldór Halldórsson formaður

Fjármála- og efnahagsráðherra




Bjarni Benediktsson

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga



Karl Björnsson framkvæmdastjóri

Innanríkisráðherra



Hanna Birna Kristjánsdóttir